Nd. **878. Breytingartillögur**

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá Emil Jónssyni.

Við III. kafla. Á undan 14. gr. komi ný gr., sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Skuldabréf samkv. lögum þessum, sem eitt bæjar- eða sveitarfélag fær frá öðru, vegna skuldaskila þeirra í milli, skal vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum þeirra sveitar- og bæjarfélaga, sem bréfin eignast, á sama hátt og þau væru veitt þeim sem lán samkv. lögum þessum.

Greinatalan breytist samkv. þessu.